

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2018, 12. mars, var haldinn 74. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í borgarráði og hófst kl. 13:34. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Skúli Helgason, Eva Baldursdóttir, Gústav Adolf B. Sigurbjörnsson, Eva Einarsdóttir, Björn Gíslason, Örn Þórðarson og áheyrnarfulltrúinn Jón Ingi Gíslason. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Óskar J. Sandholt og Sandra Dröfn Gylfadóttir. Fundarritari var Dagbjört Hákonardóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað skrifstofu borgarstjóra og borgarritara – Samantekt á umsögnum hverfisráða og fagraða við drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkur, dags. 5. mars 2018, ásamt umsögnum hverfisráða og fagraða. R18010207.
2. Lögð fram drög að kafla um barna- og ungmennalýðræði í lýðræðisstefnu Reykjavíkur. R18010207.
3. Lögð fram að nýju drög að úthlutunarreglum Hverfissjóðs Reykjavíkurborgar, sbr. 5. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 15. janúar 2018, ásamt umsögnum hverfisráða og íbúasamtaka. R18010402. Samþykkt og vísað til borgarráðs.
4. Lögð fram umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 7. mars 2018, um stefnu um nýtingu upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg 2018-2022, sbr. umsagnarbeiðni borgarráðs, dags. 22. febrúar 2018. R17020072. Samþykkt.
5. Lagt fram erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. mars 2018, vegna handbókar um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa sem sent var stjórnkerfis- og lýðræðisráði til meðferðar frá skrifstofu borgarstjórnar þann 8. mars 2018. R18010042.

Fundi slitið kl. 14:13

Halldór Auðar Svansson

Skúli Helgason
Eva Einarsdóttir
Björn Gíslason

Eva Baldursdóttir
Gústav Adolf B. Sigurbjörnsson
Örn Þórðarson